

# Stjarnvísindafélag Íslands

## The Icelandic Astronomical Society

Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík, Iceland

Telephone : 354 - 1 - 694800

Telefax : 354 - 1 - 28911

19. desember 1990

Svavar Gestsson menntamálaráðherra  
Menntamálaráðuneytinu

Stjarnvísindi eiga sér langa og áhugaverða sögu hér á landi. Allt frá dögum Þorsteins Surts og Stjörnu-Odda hafa Íslendingar lagt stund á stjörnufræði og rímfræði og nú á síðusu árum hafa ungir íslenskir vísindamenn einnig haslað sér völl á sviði stjarnæðlisfræði og heimsfræði. Greinin er í umtalsverðum vexti hér á landi um þessar mundir og er það í samræmi við þróunina á alþjóðavettvangi.

Þessa vaxtar á sviði stjarnvísinda verður einkum vart innan veggja Háskóla Íslands og meðal íslenskra stúdenta erlendis. Einnig má sjá hans merki víða annars staðar, svo sem í auknum áhuga skólanema og almennings á stjörnuskoðun og sívaxandi umfjöllun um stjarnfræðileg efni í fjölmiðlum. Á síðasta ári tók Alþingi Íslendinga þá ákvörðun að festa fræðigreininu formlega í sessi við Háskólann með nýrri dósentstöðu í stjarnvísindum. Nýja kennarastaðan er fyrsta staðan á þessu sviði hér á landi og mun tvímælaust skipta sköpum fyrir kennslu í stjörnufræði í skólum landsins í næstu framtíð.

Íslenskir stjarnvísindamenn fagna að sjálfstöðu þessari jákvæðu þróun mála. Hins vegar er ljóst að þegar til lengri tíma er litið þarf meira til en eina nýja stöðu til að leggja grundvöll að þróttmiklu starfi á sviði stjarnvísinda hér á landi. Hér er einkum átt við aðstöðu íslenskra stjarnvísindamanna til að sinna rannsóknum í greininni og svigrúm fyrir unga og efnilega vísindamenn til að koma heim að loknu námi og sinna sínum fræðum.

Að undanfögnu hefur farið fram talsverð umræða innan Stjarnvísindafélags Íslands um þessi mál. Á aðalfundi félagsins í október 1989 var ákveðið að fela stjórn félagsins að gera úttekt á stöðu stjarnvísinda hér á landi og setja fram tillögur um æskilega þróun á þessu sviði á næstu árum. Stjórnin skilaði skýrslu til félagsmanna í maí 1990. Skýrslan hefur verið til umræðu og endurskoðunar innan félagsins undanfarna mánuði og liggur nú fyrir í endanlegri mynd. A grundvelli hennar vill stjórn Stjarnvísindafélagsins, fyrir hönd félagsmanna, leggja eftirfarandi tillögur fyrir yður til umfjöllunar. Allan rökstuðning með tillögunum er að finna í umræddri skýrslu, *Stjarnvísindi á Íslandi* (endurskoðuð útgáfa, desember 1990) sem fylgir þessu bréfi. Tillögurnar eru tvær :

1. Á næstu árum verði í áföngum stofnaðar þrjár nýjar sérfræðingsstöður við Raunvísindastofnun Háskólans. Stöðurnar verði allar ætlaðar vísindamönnum, sem stunda rannsóknir á sviði stjarnvísinda. Jafnframt verði stofnuð ný rannsóknarstofa, *stjarnvísindastofa*, við Raunvísindastofnun, þar sem sérfræðingunum þremur er ætlað að starfa. Stefnt verði að því að fyrsti sérfræðingurinn hefji störf innan tveggja ára.
2. Skipuð verði við fyrsta tækifæri nefnd sérfróðra manna til að hefja undirbúning að fullri aðild Íslendinga að *norræna sjónaukanum*. Stefnt verði að því að Ísland verði orðinn fullgildur meðlimur í þessu norræna samstarfi innan tveggja til þriggja ára.

Við vonum að ráðuneytið taki þessar tillögur okkar til vinsamlegrar athugunar. Við erum að sjálfsgöðu reiðubúnir til frekari viðræðna um málefni stjarnvísinda hér á landi. Jafnframt erum við reiðubúnir til að veita alla aðra aðstoð sem á þarf að halda í þessu sambandi.

Virðingarfyllt

Einar H. Guðmundsson  
formaður

Einar Júlíusson  
ritari

Karl Jósafatsson  
gjaldkeri